



Reykjavík, 13. janúar 2006

Til allsherjarnefndar alþingis

Umsögn biskups Íslands um frumvarp um réttarstöðu samkynhneigðra

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um réttarstöðu samkynhneigðra sem liggur fyrir Alþingi er víðtækt, og býsna róttækt frumvarp. Reyndar virðist sem hér sé gengið lengra en nágrannar okkar hafa treyst sér til. Á sínum tíma lýsti Þjóðkirkjan stuðningi sínum við þá réttarbót sem þar var gerð. Þjóðkirkjan hefur stutt samkynhneigða í réttindabaráttu þeirra og staðið að samtali um stöðu þeirra í samfélaginu. Mörg meginatriði þessa frumvarps má álíta eðlilega bót í ljósi reynslunnar.

Undanfarið hefur umræðan um mál þetta að mestu leyti snúist um vígslurétt trúfélaganna. Hefur Þjóðkirkjunni verið legið á hálsi hik gagnvart kröfunni um að prestar verði vígslumenn staðfestrar samvistar, á sama hátt og um gildir um hjónaband karls og konu. Fyrirliggjandi frumvarp tekur ekki til þessa atriðis, en breytingartillaga hefur verið boðuð í þá veru. Væntanlega gefst tækifæri til að útskýra sjónarmið Þjóðkirkjunnar í þeim efnum fyrir allsherjarnefnd þegar þar að kemur. En á það skal minnt hér að það mál er í farvegi innan Þjóðkirkjunnar. Nefnd á vegum forsætisráðherra um málefni samkynhneigðra beindi þeim tilmælum til Þjóðkirkjunnar að hún vígi samkynhneigð pör sem hjón. Prestastefna 2005 vísaði til Kenningarnefndar að bregðast við þessu. Kenningarnefnd hefur málið til umfjöllunar um þessar mundir. Mun hún skila greinargerð til prestastefnu í apríl 2006. Gera má ráð fyrir að málið verði því næst sent til sókna og félaga innan kirkjunnar til umsagnar fyrir prestastefnu vorið 2007 og að hægt verði að afgreiða það endanlega á Kirkjuþingi í október 2007. Má benda á að þetta ferli er hliðstætt því sem unnið er eftir meðal nágrannakirkna okkar, eins og til dæmis í Svíþjóð. Telja verður augljóst að með þeirri breytingu sem boðuð er væri í raun búið að endurskilgreina hjónabandið, sem frá örófi alda og um allan heim hefur verið skilgreint sem sáttmáli karls og konu. Ég hef ekki farið dult með þá skoðun mína að hér verði að fara með gát.

Fyrirliggjandi frumvarp gefur reyndar til kynna að stutt gæti verið í þá túlkun að hugtakið hjónaband verði óháð kynferði. Væri hjónaband gert kynhlutlaust þá væri að mínu mati verið að afnema hjónabandið og innleiða eitthvað sem á sér enga hliðstæðu. Eðlilegt er að staldrað sé við áður en svo afdrifarík ákvörðun er tekin. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, sagði er hann mælti fyrir frumvarpinu, „að varhugavert sé að setja í lög heimildarákvæði um kirkjulegar vígslur sambands samkynhneigðra án þess að vilji stæði til þess í Þjóðkirkjunni. Þar með væri í raun verið að stilla henni upp við vegg og slíkt teldi ég ekki við hæfi í samskiptum ríkis og kirkju.“ Tek ég eindregið undir þau varnaðarorð forsætisráðherra og bið menn að rasa ekki um ráð fram. Þetta snertir alls ekki Þjóðkirkjuna eina. Hér býr að baki samhljómur laga trúar og siðar, sem á sér einnig samsvörun í öllum helstu trúarbrögðum heims og allri siðmenningu.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar afnemur nánast allan greinarmun á réttarstöðu fólks í hjónabandi að hefðbundnum skilningi og í samvist samkynhneigðra. Frumvarpið tryggir margvísleg réttindi til handa samkynhneigðum er varða ættleiðingar, tæknifrjóvgun, eins á sviði almannatrygginga, lífeyrissjóða, skattlagningu, félagsþjónustu, barnalaga, erfðafjárlaga og fæðingarorlofs.

Varðandi frumættleiðingar og tæknifrjóvgun er að mínu mati gengið lengra en góðu hófi gegnir. Hér er augljóst að frumvarpið tekur í engu tillit til varnaðarorða sérfræðinga, þ.m.t. þáverandi umboðsmanns barna, sem nefnd forsætisráðherra um réttarstöðu samkynhneigðra leitaði til. Nefndin hafði þó klotnað í afstöðu til þessa máls, og hefði verið full ástæða fyrir ríkisstjórnina að fara því með gát, og hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Um þessi mál standa harðar deilur víða um lönd. Þær snerta mannskilning og grundvallar hugmyndir um hlutverk og stöðu kynjanna, faðerni, móðerni, rétt barnsins. Mér sýnist sem kona í staðfestri samvist eða óvígri sambúð með annarri konu öðlist samkvæmt frumvarpinu meiri rétt en kona í hjúskap hvað varðar rétt til tæknifrjóvgunar með gjafasæði.

En alvarlegast er að ekki verður heimilt að gefa upp nafn sæðisgjafa og að auki verður sæðisgjafa óheimilt að höfða barnsfaðernismál fyrir dómstól, ef hann vill síðar fá staðfestingu á faðerni. Þar með er búið að afnema rétt sem talinn hefur verið afar mikilvægur hverju barni, að eiga föður. Barn sem verður til með þessum hætti mun ekki eiga föður og getur aldrei átt föður. Hér er verið að setja framtíðarhagsmuni barnsins til hliðar. Ég vara við því. Þarna er verið að afnema viðmið sem frá örófi alda hafa verið góð og gild og innleiða eitthvað sem við sjáum engan veginn fyrir endann á. Réttur barnsins á jafnan að vera í fyrirrúmi. Íslensk lög hafa hingað til leitast við að tryggja rétt barnsins að þekkja báða foreldra sína.


Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands